

Drög

Auglýsing

um búsvæðavernd í Skerjafjarði innan bæjarmarka Garðabæjar

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og með samþykki Garðabæjar, ákveðið að friðlýsa þann hluta Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Garðabæjar með fjörum ásamt grunnsævi alls um 4,27 km² (427 ha) svæði sem búsvæði, skv. 3. tölulið 53. greinar og 54. greinar laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Skerjafjarðarsvæðið er undirstaða að afar fjölbreyttu fuglalífi allan ársins hring og er svæðið mikilvægur viðkomustaður farfugla og fargesta sem hér hafa viðdvöl á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum. Fjörur og leirur svæðisins eru lífríkar, þar eru miklar þangfjörur og grunnsævi er með auðugu botndýralífi. Skerjafjarðarsvæðið í heild hefur alþjóðlegt verndargildi vegna fuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar og einnig er svæðið mikilvægt vegna vegna marhálms, en plantan hefur takmarkaða útbreiðslu hér á landi og er ein aðal fæðutegund margæsar. Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og aðgengi að svæðinu er gott, en strandlengjan er vinsæl til útivistar og fjörðurinn til skemmtisiglinga.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið með friðlýsingunni er að vernda lífríki á strönd, í fjöru og grunnsævi Skerjafjarðar. Einnig er markmið með friðlýsingunni að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í auðugu lífríki og möguleikum til útivistar við ströndina.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Verndarsvæði það sem hér er lýst er hluti af Skerjafjarðarsvæðinu en mörk verndarsvæðisins ná til strandar, fjöru, grunnsævis og sjávarbotns innan marka Garðabæjar, alls 4,2756 km² (427,56

ha). Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti og afmarkast af þeim hnítum sem gefin eru upp í ISN93 á uppdrætti. Verndarsvæðið nær ekki til athafna- og byggðasvæða þar með talið einkalóða sem ná í sjó fram.

4. gr.

Umsjón með búsvæðaverndinni o.fl.

Umsjón og rekstur verndarsvæðisins skal vera í höndum Garðabæjar í samræmi við samning sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar. Í samningnum, sem umhverfissráðherra staðfestir skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, framkvæmdir, landvörslu og fræðslu. Umhverfisstofnun hefur umsjón með gerð verndaráætlunar fyrir verndarsvæðið í samráði við Garðabæ sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Umferð á verndarsvæðinu.

Almenningi er heimil för um hið friðlýsta svæði, enda sé gætt góðrar umgengni. Lausaganga hunda er óheimil á svæðinu. Allur akstur vélknúinna farartækja utan vega er óheimill innan svæðisins.

Umferð vélknúinna vatnaleiktækja s.s. sjókatta á sjó er óheimil innan svæðisins. Almenn umferð smábáta er heimil eins og verið hefur eftir hefðbundnum siglingaleiðum.

6. gr.

Vernd gróðurs, dýralífs og jarðmyndana.

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf á verndarsvæðinu hvort heldur er í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Einnig er óheimilt að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir á verndarsvæðinu. Til að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni er óheimilt að stunda fiskeldi eða annað eldi sjávardýra innan verndarsvæðisins. Einnig er dreifing eða slepping framandi tegunda óheimil innan verndarsvæðisins.

7. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Jarðrask á landi, í fjöru eða á hafsbotni og önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Garðabæjar og skal vera í samræmi við staðfest skipulag. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda á verndarsvæðinu þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum og aðstöðu til náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu í samræmi við staðfest skipulag og samþykktá verndaráætlun.

Áður en ráðist verður í mannvirkjagerð innan verndarsvæðisins skal deiliskipuleggja fyrirhugað framkvæmdasvæði.

8. gr.

Veði og notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til eyðingar á dýrum sem valda tjóni í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

9. gr.

Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Garðabæjar, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum.

10. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

11. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, ..2009.